



Skógræktarfélag Íslands 90 ára



90 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands var fagnað með látlausri athöfn í Vinaskógi á Þingvöllum þar sem meðal annars voru gróðursettar 90 trjáplöntur eða ein fyrir hvert ár sem félagið hefur starfað (Mynd: EJ).

Skógræktarfélag Íslands fagnaði 90 ára afmæli sínu með látlausri athöfn í Vinaskógi á Þingvöllum laugardaginn 27. júní. Staðsetningin var vel við hæfi enda var Skógræktarfélagið stofnað á Alþingishátíðinni á Þingvöllum árið 1930. Þess var jafnframt minnst að 30 ár voru liðin frá því að fyrst var gróðursett í Vinaskógi en það gerðu þær Vigdís Finnbogadóttir og Elísabet önnur Bretadrottning 26. júní árið 1990. Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, ávarpaði gesti og síðan voru gróðursett 90 tré, eitt fyrir hvert ár sem félagið hefur starfað. Trén voru af íslenskum rótum runnin, ilm-björk, reyniviður og blæösp og gekk gróðursetningin hratt og vel fyrir sig enda þaulvant fólk að verki. Að

gróðursetningu lokinni var gestum boðið að gæða sér á veitingum í blíðskaparveðri.

Þess má til gamans geta að þegar Skógræktarfélag Íslands var stofnað sumarið 1930 voru aðeins fáeinar vikur liðnar frá því að annað félag með sama nafni var stofnað norðan heiða. Norðanmenn breyttu síðar nafni sínu í Skógræktarfélag Eyfirðinga og er það eitt af stærstu og öflugustu aðildarfélögum Skógræktarfélags Íslands. Skógræktarfélag Eyfirðinga fagnar því einnig 90 ára afmæli sínu á árinu og er því gerð skil annars staðar í blaðinu. Vegna kórónuveirufaraldursins verða þó öll hátíðahöld og mannfagnaðir lágstemmdir og hófstílltir í ár.

Margþætt gildi sjálfbóðastarfs



Frá árdögum skógræktar á Íslandi hefur framlag sjálfbóðaliða gegnt mikilvægu hlutverki. Sjálfbóðaliðar úr röðum ungmennafélaga og kvenfélaga komu til að mynda upp ófáum trjáreitum víða um land á fyrstu áratugum síðustu aldar og síðar tóku skógræktarfélögin við keflinu og hafa á innan við öld breytt mörgum gróðursnaðum svæðum í yndisreiti. Enn þann dag í dag er framlag sjálfbóðaliða hryggjarstykkið í starfi flestra skógræktarfélaga, óeigingjarnt framlag venjulegs fólks sem lætur sér annt um umhverfi sitt og vill efla það og bæta með skógrækt.

Þrátt fyrir að æ fleiri hafi atvinnu af skógrækt, hvort heldur er sumarlangt eða allan ársins hring, skiptir framlag sjálfbóðaliða enn miklu máli í starfi skógræktarfélaga. Á undanförmum árum hefur Skógræktarfélag Íslands til að mynda notið góðs af framlagi erlendra sjálfbóðaliða sem hér hafa dvalið um fimm mánaða skeið. Auk þess að gróðursetja og dreifa áburði á skógræktarsvæðum félagsins á Úlfjótssvatni, hafa þeir unnið að ýmsum þjóðþrifaverkum í skógum aðildarfélaga þess víða um land. Engin undantekning var á þessu í ár þó að um tíma hafi verið óvíst um hvort og þá hvenær þeir kæmst til landsins vegna kórónufaraldursins. Að auki naut félagið starfskrafta fjölda tilfallandi sjálfbóðaliða, einkum fólks sem starfað hefur við ferðaþjónustu hér á

landi en var án atvinnu vegna faraldursins og vildi nýta tímann til að láta gott af sér leiða.

Það ber að fagna hverjum þeim sem býðst til að vinna sjálfbóðastarf við skógrækt, ekki síst nú á tímum þegar sólarhringurinn virðist stöðugt stytta og framboð af afþreyingu og dægrastyttingu er ótakmarkað. Það er ekki sjálfgefið að fólk gefi af dýrmætum tíma sínum til að láta gott af sér leiða í þágu umhverfisins.

Gildi sjálfbóðastarfsins er margþætt og verður ekki aðeins talið í krónum og aurum eða fjölda gróðursettra plantna. Fyrir okkur sem störfum við skógrækt, er móttaka sjálfbóðaliða frábært tækifæri til að breiða út boðskapinn, fræða fólk um gildi skógræktar í gróðursnaðu landi og kenna þeim í leiðinni réttu handbrögðin við gróðursetningu og umhirðu skóglendis. Slík fræðsla og kynning stuðlar að aukinni velvild í garð skógræktar og skilningi á mikilvægi hennar. Það verður ekki metið til fjár.

Þá má ekki heldur vanmeta þann mannauð sem býr í sjálfbóðaliðunum sem hingað koma um langan veg. Þeir hafa undantekningarlaust margt gagnlegt fram að færa enda er þetta upp til hópa úrræðagott fólk sem kemur fram með gagnlegar ábendingar og hugmyndir. Gjarnan búa þeir yfir áhugaverðri þekkingu eða færni, t.d. á sviði náttúrunytja eða ræktunar. Við sem tökum á móti þeim lærum því oft ekki síður mikið af þeim en þeir af okkur.

Einar Örn Jónsson

Laufblaðið

Fréttablað, 29 árgangur, 2. tölublað 2020.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2019:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Jens B. Baldursson
Páll Ingþór Kristinsson
Sigrún Stefánsdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Björn Traustason

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Ljósmyndarar: Brynjólfur Jónsson (BJ), Einar Jónsson (EJ), Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir (GMM), Ingólfur Jóhannsson (IJ), Jens B. Baldursson (JBB), Jón Ásgeir Jónsson (JÁJ), Mathilde Dubois (MD), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF).

Álfholtsskógur opnaður

Það var fyrir 80 árum að ungt fólk sem bjó í kringum Akrafjall fékk löngun til að stofna menningarfélag sem hafði meðal annars á stefnuskránni að rækta skóg. Þessi hugsjón var áberandi í þjóðfélaginu og mörg skógræktarfélög stofnuð um þetta leyti. Trjáræktarsvæðið hefur stækkað smátt og smátt og nær nú yfir 75 ha lands. Plantað hefur verið vel á þriðja hundrað þúsund plöntum af hinum sígildu sjö, þ.e. víði, birki, greni, furu, ösp, lerki og reynitrijám.

Síðustu ár hefur verið unnið markvisst að því að gera skóginn að Opnum skógi og fór opunarathöfnin fram með hátíðarbrag þann 20. júní síðastliðinn í ágætu veðri. Flutt voru ávörp, skólabörn klipptu á borða og gróðursettu tré, það var söngatriði og fjöldasöngur og síðan veitingar. Þetta er 17. skógurinn sem nýtur þess heiðurs að fá titilinn Opinn skógur. Verkefnið hlaut styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Tegundir runna- og trjáafbrigða í skóginum eru að nálgast 200 en af sumum eru fá einstök. Lögð er áhersla á að fá tegundir sem auka upplifun af skóginum. Þær blómgast, gefa nýja liti og áferð, fallega haustliti, draga að sér fugla og eru fyrir augað. Það eru hátt í 8 km af stígum í skóginum sem er vel við haldið og lækir brúaðir. Leiðaskilti eru um allan skóg sem hjálpa fólki að rata. Fræðsluskilti með nöfnum plantna og áhugaverðra



Þrjú myndarleg reynitré voru gróðursett í tilefni dagsins (Mynd: BJ).

staða í skóginum eru víða. Á fjórum stöðum eru borð með sætum til að njóta lautarferða. Við bjóðum alla velkomna til að njóta yndisskógarins Álfholtsskógar sem lúrir norðaustan í Akrafjallinu. Keyrt er inn í skóginn frá Akrafjallsvegi og lagt á bílastæði hvaðan gönguleiðir liggja í allar áttir.

*Reynir Þorsteinsson
formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps*



Ísabella og Valgarður úr Heiðarskóla opnuðu skóginn formlega með því að klippa á borða (Mynd: BJ).



Linda Pálsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, færir Reyni Þorsteinssyni, formanni Skógræktarfélags Skilmannahrepps, myndarlega plöntu að gjöf. (Mynd: RF).



Slysavarnarfélagarnir fóru létt með að afferma plönturnar, enda félagsskapur sem byggist á góðri samvinnu! (Mynd: RF).

Nýr áramótaskógur í Lækjarbotnum

Miðvikudaginn 10. júní komu félagar úr Slysavarnarfélaginu Landsbjörg og Skógræktarfélagi Íslands saman við Lækjarbotna og gróðursettu Rótarskot í nýjan Áramótaskóg á Selfjalli við Lækjarbotna, en svæðið er í umsjón Skógræktarfélags Kópavogs. Mættu á fimmta tug manna til að setja niður plöntur í sól og blíðu.

Fyrir síðustu áramót buðu björgunarsveitirnar Rótarskot til sölu undir merkjum Skjótum rótum á Flugeldamörkuðum björgunarsveitanna, en hvert slíkt skot gaf af sér tré til gróðursetningar. Seldust um átta þúsund Rótarskot um áramótin. Fjögur þúsund Rótarskot voru sett niður við Selfjallið, en önnur Rótarskot

verða gróðursett á vegum deilda víðsvegar um land.

Í desember á sl. ári gerðu samtökin Slysavarnarfélagið Landsbjörg og Skógræktarfélag Íslands með sér samstarfssamning til þriggja ára um sölu Rótarskóta sem ætlað er að styrkja mikilvægt sjálfbodastarf björgunarsveitanna auk þess sem skógrækt og ræktun þeirra verður á ábyrgð Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaga þess. Markmiðið er að rækta upp fjölbreytta skóga sem vaxa sem víðast um land sem geta um leið stuðlað að umhverfisbótum og bindingu kolefnis öllum landsmönnum til hagsbóta.

Ný kona í brúnni

Auður Kjartansdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur. Auður er með B.S. gráðu í landfræði, cand. mag gráðu í landfræðilegum upplýsingakerfum og meistaragráðu í forystu og stjórnun. Hún tekur við starfinu 1. september. Helgi Gíslason, sem verið hefur framkvæmdastjóri félagsins frá árinu 2004, hefur verið ráðinn sveitarstjóri Fljótsdalshrepps.

Auður hefur starfað sem sérfræðingur í ofanflóðum hjá Veðurstofu Íslands. Einnig hefur Auður starfað við leiðsögn og verið fjallaleiðsögumaður á helstu fjöllum landsins um árabíl. Hún var verkefnisstjóri hjá Héraðsskógum og hefur verið fararstjóri hjá



Ferðafélagi Íslands um árabíl. Auður kom að stofnun Ferðafélags barnanna og sat í stjórn þess á upphafsárum félagsins. Einnig hefur hún verið yfirkennari Björgunarskólans á sviði snjóflóða og haft umsjón með fjölda námskeiða um útivist. (Mynd: GMM).

70 ára afmæli Heiðmerkur

Í ár eru 70 ár frá því að Heiðmörk var vígð við hátíðlega athöfn, þann 25. júní 1950. Í tilefni afmælisins var efnt til afmælisfagnaðar þann 25. júní síðast liðinn, á afmælisdeginum. Hófst afmælisfagnaðurinn á hátíðlegri athöfn við Vígsluflöt, þar sem Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur og Dagur B. Eggertsson fluttu ávörp. Var gestum einnig boðið upp á ilmandi ketilkaffi og hressandi skógarvatn. Að ávörpum loknum skrifuðu Jóhannes og Dagur undir samning um svokallaða loftslagsskóga milli Skógræktarfélagsins og Reykjavíkurborgar, en þeim er ætlað að gefa almenningi kost á að gróðursetja trjáplöntur til að vega upp á móti losun gróðurshúsalofttegunda. Athöfn á Vígsluflöt lauk svo með gróðursetningu myndarlegra trjáa af ýmsum tegundum við flötina.

Að því loknu var haldið til smíðu félagsins, þar sem boðið var upp á veitingar og viðarverslun félagsins kynnt.

Ragnhildur Freysteinsdóttir



Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, flytur ávarp við hlið myndarlegs grenis sem gróðursett var við vígslu Heiðmerkur fyrir 70 árum (Mynd: RF).



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, undirrita samninga um loftslagsskóga Reykjavíkur (Mynd: RF).



Glæsilegt hlaðborð beið afmælisgesta, þar sem efniviður skógarins var vel nýttur til skreytinga (Mynd: RF).

Plöntuflutningakerra

Skógræktarfélag Íslands hefur látið smíða fyrir sig kerru sem er sérhönnuð til flutninga á trjáplöntum í fjölpottabökkum. Kerran er 5 metra löng og ríflega 3 m há og getur tekið allt að 600 bakka. Á henni er yfirbreiðsla til að hlífa plöntunum fyrir sólskini og vindi. Mun hún koma að góðum notum við gróðursetningar á vegum félagsins og aðildarféлага þess um land allt. Axel Bergmann járnsmiður smíðaði grindina ofan á hefðbundna flatkerru. Yfirbreiðslan er frá Seglagerðinni Ægi og hillur úr vatnsvörðum krossviði smíðaði Eugene Giblin, sjálfbóðaliði sem vann fyrir félagið í sumar.



Fjöldi sjálfboðaliða á Úlfjótssvatni

Undanfarin ár hefur Skógræktarfélag Íslands tekið þátt í samevrópsku sjálfboðaliðaverkefni undir yfyrskriftinni European Voluntary Service (EVS) og á vegum þess hafa komið hingað fimm sjálfboðaliðar frá jafnmörgum Evrópulöndum. Frá byrjun maí til loka september hafa þeir unnið að margvíslegum verkefnum, aðallega á starfssvæðum félagsins á Úlfjótssvatni og í Brynjudal en einnig á umráðasvæðum aðildarfélaga þess víða um land. Auk þeirra hefur félagið notið liðsinnis fimm manna hópa á vegum samtakanna Working Abroad sem hafa komið hingað til lands og dvalið tvær vikur í senn.

Vegna kórónuveirufaraldursins var óvíst hvort og þá hvenær sjálfboðaliðarnir kæmust til landsins. Þá barst skógræktarfélaginu hjálp úr óvæntri átt. Starfsmenn Íslenskra fjallaleiðsögumanna sem höfðu fát fyrir stafni í Kófinu, höfðu samband við félagið og buðu fram krafta sína. Þeim var boðið að koma á Úlfjótssvatn og vinna þar að ýmsum verkefnum, svo sem gróðursetningum, áburðargjöf, girðingavinnu og grisjun. Um tíu manns á þeirra vegum tók þátt í verkefninu til lengri eða skemmri tíma. Sumir aðeins einn dag en aðrir í heilan mánuð. Fleiri sjálfboðaliðar slógust í hópinn er á leið og var því mikið líf og fjör í gamla bænum á Úlfjótssvatni í maímánuði. Sjálfboðaliðarnir voru nær allir útlendingar búsettir hér á landi sem höfðu misst vinnuna vegna ástandsins og þótti því kærkomið að nýta tímann til að klæða landið skógi að nýju.

Snemma í júní kom fyrsti EVS-sjálfboðaliðinn á Úlfjótssvatn og tindust þeir svo einn af öðrum til landsins næsta mánuðinn. Þeir hafa fengist við fjölbreytt verkefni, aðallega á Úlfjótssvatni en einnig á Geitasandi, í Brynjudal og á Akranesi.



Renatá frá Slóvakíu og Antoine frá Frakklandi gróðursetja í lúpinubreiðu (Mynd: EJ).



Pepe frá Póllandi undi sér vel við gróðursetningar í landi Úlfjótssvatns (Mynd: EJ).





Heimsókn í garð Jóns Guðmundssonar garðyrkjufræðings á Akranesi sem er landsfrægur fyrir það að þar hefur honum tekist að rækta alls konar ávaxtatré eins og eplatré á stað þar sem ekki er hægt að láta tré vaxa. Á myndinni eru Einar, Michaela, Kristýna, Magdalena, Birta og Kristín og Bjarni frá Skf. Akraness.

Sjálfbóðaliðar SÍ á Akranesi

Sjálfbóðaliðar á vegum Skógræktarfélags Íslands (SÍ) unnu hjá Skógræktarfélaginu á Akranesi dagana 29. júní til 3. júlí. Þetta árið var lögð áhersla á að færa stærri tré á ný svæði við Þjóðveginn til Akraness. Færð voru birkitré, furur, greni og hrymur (lerki) á þessi svæði þar sem nýlega var hafin gróðursetning. Litlar bakkaplöntur eiga í erfiðleikum í hávöxnu grasinu og því gott að gróðursetja einnig stærri tré á völdum stöðum sem eins konar vörður svo fólk sjái hvað verið er að gera á svæðinu.

Undanfarin ár höfum við fengið fimm erlenda sjálfbóðaliða ásamt stjórnanda frá SÍ í eina viku til að vinna með okkur. Að þessu sinni voru aðeins þrír útlendir sjálfbóðaliðar komnir til landsins vegna Covid 19. Birta Brynjólfssdóttir vann einnig með okkur í tvo daga. Það munaði mikið um vinnu þessa röska hóps, fjöldi trjáa var settur niður á nýjum stað, borinn á þau áburður, vökvuð og settur pappi umhverfis þau til að hlífa gegn grasvextinum.

Einar Örn Jónsson garðyrkjufræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands stjórnaði vinnu sjálfbóðaliðanna þessa daga. Auk dýrmætrar vinnu er gott fyrir okkur áhugafólkið í Skógræktarfélagi Akraness að fá fagfólk til að leiðbeina okkur og stjórna framkvæmdum á skógræktarsvæðunum. Einar og síðustu árin Jón Ásgeir, hafa leiðbeint okkur við trjáræktina, sagt okkur hvað hafi reynst vel annars staðar og hvernig best sé að fara að svo trén nái að vaxa og dafna.

Það er óhætt að mæla með því við skógræktarfélög að þau nýti sér þessa aðstoð SÍ, bæði vegna vinnu sjálfbóðaliðanna en ekki síður vegna frábærra faglegra ráðlegginga sérfræðinga SÍ hópurinn hafi aðeins verið í eina viku á hverju ári hjá okkur á Akranesi þá hefur vera þeirra verið ómetanleg lyftistöng fyrir skógrækt okkar.

*Jens B. Baldursson
formaður Skógræktarfélags Akraness*



Erlendir sjálfbóðaliðar Skógræktarfélags Íslands taka upp birkitré til að setja á nýjan stað. Þær eru frá vinstri Kristýna Sosnovcová frá Tékklandi, Magdalena Gajewska frá Póllandi og Michaela Almer frá Austurríki. (Mynd: JBB).



Frá Sandahlíð er stórfenglegt útsýni til allra átta. Nýju stígarnir auðvelda fólki að komast um svæðið og njóta útsýnisins ofarlega í hliðinni (Mynd: JÁJ).

Stígar lagðir um Sandahlíð

Umhverfishópar ungmenna í átaksverkefni á vegum Garðabæjar unnu að því í sumar að bæta við stíga-kerfið í útivistarskóginum í Sandahlíð og þar með urðu til tvær nýjar hringleiðir. Stígarnir eru lagðir kurli sem ungmennin keyrðu í hjólbörum.

Skógurinn í Sandahlíð er vinsæll meðal almennings, jafnt Garðbæinga sem íbúa úr nágranna-sveitarfélögum. Lenging stíganna sem nemur um 800 m mun því nýtast útivistarfólki vel hvort heldur er í skjóli trjána eftir aspargöngum eða eftir brún Sandahlíðar með glæsilegu útsýni, yfir byggðina í kringum Garðabæ og til fjalla. Ekki tókst að ljúka við brúnastíginn að fullu en það á eftir að keyra kurli í stíginn á um 30-40 m kafla, en sá stígur verður rúmlega 500 m langur þegar honum er lokið.

Skógræktarfélag Garðabæjar lét skipuleggja Sandahlíð 1993 og í framhaldinu var lagður útivistarstígur eftir endilangri Sandahlíð og ræktunarreitum úthlutað innst á svæðinu með aðgengi m.a. frá Kópavogi við Guðmundarlund. 1994 hófst gróðursetning í Sandahlíð sem reitarhafar unnu sem og félagar í Skógræktarfélaginu og ungmenni á vegum bæjarins. Félagið útbjó áningarstað á Sandaflöt 1995 með leiktækjum, grilli og útiborðum og lagði veg inn á svæðið og bílplan sem stækkað hefur verið nokkrum sinnum. Í dag er Sandahlíð fallegur útivistarskógur og er svæðið að mestu fullplantað nema þar sem lúpinan er sem þéttust.

*Kristrún Sigurðardóttir
formaður Skógræktarfélags Garðabæjar*

Erla Bil heiðursfélagi

Erla Bil Bjarnardóttir var kosin heiðursfélagi Skógræktarfélags Garðabæjar á aðalfundi félagsins í maí. Hún var einn aðalhvatamaðurinn að stofnun félagsins og var kosin formaður þess á stofnfundi árið 1988 og starfaði sem slíkur í 31 ár. Hún hefur unnið ötullega að framgangi félagsins og uppbyggingu þess, allt frá því að útvega svæði til ræktunar til gróðursetningar og umhirðu. Þá hefur hún komið að skipulagi svæðanna og uppbyggingu útivistarstíga og annarrar aðstöðu á þeim. Sem dæmi um öflugt starf undir hennar stjórn þá gerði félagið samning um landgræðsluskóga 1990, við stjórn Skógræktarfélags



Íslands sem tryggði félaginu plöntur til gróðursetningar og markaði upphaf landgræðsluskógaátaksins.

Brotnir trjátoppar á víð og dreif

Óveður léku skóga landsins grátt síðastliðinn vetur og víða hafa tré brotnað eða rifnað upp með rótum. Myndirnar á síðunni eru frá Skógum undir Eyjafjöllum þar sem stór grenitré brotnuðu eins og tannstönglar í óveðri. Jafnframt varð þar mikið tjón á öðrum tegundum, meðal annars í birkireitum. Þorsteinn Jónsson, stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Rangæinga áætlaði að toppar af um 200 grenitrjám lægju á víð og dreif um skóginn og voru þá ótalin tré af öðrum tegundum. Fjöldi fólks tók þátt í að hreinsa til eftir skemmdirnar, ekki síst í kringum stíga og opin svæði. Enn er þó talsvert af brotnum trjábolum og toppum í skóginum sem bíða hreinsunar og er full ástæða til að hvetja fólk til að fara með gát um skóga þar sem stormfall hefur orðið.



Toppur eins grenitrésins lenti á nálægu borði og braut það (Mynd: EJ).



Megináhersla var lögð á að hreinsa frá stígum og opnum svæðum í skóginum (Mynd: MD).



Sums staðar liggja brotin tré hvert innan um annað og getur reynst vandasamt að hreinsa til eftir þess háttar stormfall (Mynd: EJ).



Í sumum birkireitum hafði meirihluti trjáanna brotnað (Mynd: MD).

Skógarafurðir á Hönnunarmars

Innlendar skógarnytjar komu við sögu á Hönnunarmars sem að vísu fór fram snemmsumars í ár vegna kórónuáldursins. Það er ánægjulegt að sjá hve íslenskir hönnuðir eru farnir að sækja mikið í skóginn í leit að hráefni og innblæstri í verkum sínum. Vöruhönnuðurinn Björn Steinar Blumenstein hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli fyrir húsgögn sem hann hannar úr innlendum við auk þess sem hann hefur verið iðinn við að vekja athygli á skógum landsins sem uppsprettu hráfnis og sköpunar. Hann kynnti endurbætta Skógarnytja húsgagnalínu sína á Hönnunarmars. Dagný Land Design kynnti einnig útishúsgögn úr viði alaska-aspar á hátíðinni í ár. Þá var var haldin sýning í Hafnarborg undir yfirskriftinni Efni:viður en þar mátti sjá margvíslega hönnunargripa úr innlendum sem erlendum viði auk hinnar sívinsælu ilmsturtu fyrirtækisins Nordic Angan sem vinnur meðal annars ilmkjarnaolíur úr skógartrjám og fleiri plöntum.



Skógurinn gefur meira af sér en við til smíða. Fyrirtækið Nordic Angan vinnur til að mynda ilmkjarnaolíur úr trjám og býður fólki að skella sér í ilmsturtu (Mynd: EJ).

Aðalfundur með öðru sniði

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands verður með öðru sniði en venjulega í ár í ljósi þess ástands sem skapast hefur vegna kórónufaraldursins. Til stóð að halda fundinn með hefðbundnum hætti en eftir að hert var á samkomutakmörkunum í ágúst, var ljóst að það gengi ekki upp. Fundurinn fer fram í Reykjavík laugardaginn 5. september og verða eingöngu kjörnir fulltrúar boðaðir á hann, þ.e.a.s. ekki verður gert ráð fyrir gestum eða mökum fulltrúa.

Efni fundarins er fyrst og fremst afgreiðsla nauðsynlegra skylduverkefna Aðalfundar eins og

getið er um í lögum félagsins í 6. grein.

Fundurinn verður haldinn í aðalfundarsal Arionbanka Borgartúni 19, 1. hæð, laugardaginn 5. september kl. 10:00 árdegis. Fundinum verður einnig streymt á Facebook-síðu Skógræktarfélags Íslands fyrir þá sem komast ekki í bæinn. Athugið að ekki þarf að hafa Facebook-aðgang til að fylgjast með.

Þeim fulltrúum sem ekki geta mætt á fundarstað verður gefinn kostur á að kjósa með póstkosningu og verða kjörseðlar sendir út viku fyrir fund til þeirra.



Skógræktarfélag Eyfirðinga 90 ára

Skógræktarfélag Eyfirðinga fagnar 90 ára afmæli sínu á árinu en félagið var stofnað þann 11. maí 1930. Upphaflega hét félagið reyndar Skógræktarfélag Íslands en nafninu var breytt eftir að annað félag með sama nafni var stofnað á Alþingishátíðinni á Þingvöllum í júní sama ár. Eins og fleiri hafa Eyfirðingar gætt hófs í hátíðarhöldum vegna kórónuveirufaraldursins.

Þrátt fyrir faraldurinn hefur starf félagsins verið með miklum blóma í sumar. Starfsmenn félagsins hafa haft í nógu að snúast við umhirðu sumra af þeim 11 reitum sem félagið hefur umsjón með. Meðal annars var grisjað í Garðsárreit, slegnir stígar og smíðaðar brýr. Boðið hefur verið upp á ýmsa viðburði svo sem skógargöngur og sveppafræðslu en einnig hefur þurft að fella niður fyrirhugaða dagskrá vegna sóttvarna.

Aðalfundur félagsins var haldinn undir beru lofti í Kjarnaskógi í júní og í kjölfarið var nýr formaður félagsins kosinn. Fyrir valinu varð Sigríður Hrefna Pálsdóttir skógfræðingur og tók hún við af Ólafi Thoroddssen.

Ungmennni að störfum í Kjarnaskógi í sumar. Félagið hefur notið starfskrafta ungs fólks frá Akureyrarbæ auk fólks sem tekur þátt í atvinnuáttaki (Mynd: IJ).



Starfsmenn kurla greinar sem féllu til við grisjun í Hánefsstaðareit (Mynd: IJ).



Aðalfundur Skógræktarfélags Eyfirðinga var haldinn undir beru lofti í Kjarnaskógi í vor. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund var svo nýr formaður félagsins kjörinn en fyrir valinu varð Sigríður Hrefna Pálsdóttir (Mynd: IJ).

Meira land undir skógrækt

Í lok júnímánaðar skrifuðu fulltrúar Skógræktarfélags Íslands, Skógræktarfélags Ólafsvíkur og Snæfellsbæjar undir nýjan Landgræðsluskóga-samning í Ólafsvík og gerir hann ráð fyrir 40 ha viðbót við fyrri samning. Nýi samningurinn gildir til 75 ára. Svæðið ofan Ólafsvíkur er orðin hin mesta útivistarperla enda hefur skógurinn vaxið og dafnað á síðustu árum. Nýtt svæði gefur færi á því að tengja yngri svæði við gamla Rafveitureitinn og úr verður samfelld skógræktarsvæði.

Undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að stígagerð á skógræktarsvæðum Skógræktarfélags Ólafsvíkur og var engin undantekning á þí í ár. Meðal annars unnu ungmenni á vegum Snæfellsbæjar að lagningu stíga í sumar. Nýju stígarnir koma í góðar þarfir enda nýta íbúar bæjarins útivistarsvæðið óspart allt árið. Að baki byggðarinnar í Ólafsvík vex nú grænn trefill sem veitir byggðinni skjól og býður upp á fjölbreytta afþreyingu.



Talið frá vinstri Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Vagn Ingólfsson, formaður Skógræktarfélags Ólafsvíkur og Kristinn Jónasson, bjarstjóri Snæfellsbæjar (Mynd: BJ).

Útvarpsþættir um Heiðmörk

Í tilefni af 70 ára afmæli Heiðmerkur lét Skógræktarfélag Reykjavíkur gera útvarpsþætti um sögu Heiðmerkur og félagsins. Sagnfræðingurinn Kári Gylfason sem hefur skráð þessa sögu hafði veg og vanda af gerð þáttanna sem fluttir voru á Rás 1 um verslunarmannahelgina. Þættirnir heita Friðland Reykvíkinga ofan Elliðavatns. Í þeim fyrri er fjallað um tilraunir til að friða og rækta skóg í nágrenni Reykjavíkur, löngun bæjarbúa eftir útivistarsvæði nærri borginni og aðdragandann að opnun Heiðmerkur árið 1950. Í síðari þættinum er fjallað um hvernig skógræktarstarfið hefur gengið og um Heiðmörk í dag. Gengið er um Heiðmörk og rætt við skógræktarfolk um staðinn, náttúruna, skóginn og skógarmenningu. Hægt er að nálgast upptökur af þáttunum á vef Ríkisútvarpsins ruv.is.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hugðist fagna 70 ára afmæli Heiðmerkur með röð viðburða í allt sumar. Vegna kórónuveirufaraldursins hefur félagið viljað sýna samfélagslega ábyrgð og frestað viðburðum, þar á meðal hinum árlegu Skógarleikum sem hafa ætíð notið mikilla vinsælda. Ef aðstæður leyfa verður þó í boði viðamikil dagskrá í haust svo sem fræsöfnun, Heiðmerkurhlaupið, námskeið í

gerð pöðduhótela og annað í kransagerð. Þá verður hinn árlegi Jólamarkaður og Jólaskógur á sínum stað. Viðburðadagatal ásamt frekari upplýsingum um tiltekna viðburði má nálgast á vef félagsins heidmork.is og á Facebook-síðu þess.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur og Helgi Gíslason, fráfaramandi framkvæmdastjóri félagsins ásamt Vilhjámli Sigtryggssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra þess (Mynd: GMM).